

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar í Hafnarfirði. Deiliskipulagsbreytingin felst m.a. í að nýtingarhlutfalli er breytt á nokkrum lóðum, leyfð verður fimm hæða bygging á horni Flatahrauns og Fjarðarhrauns og gönguleiðum er breytt. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi lóðar nr. 2 við Mjósundi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 16. maí 2007 breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 2 við Mjósund í Hafnarfirði. Deiliskipulagsbreytingin felst í að byggingareit viðbyggingar að Mjósundi 2 er hliðrað í sömu breidd og húsið Mjósund 2 og hann lengdur um 60 sm til suðurs. Nýtingarhlutfall á lóð N=0,45. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs, 27. júní 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 11. júlí 2007